



Hr. alþingismaður, Ásmundur Friðriksson

Reykjavík, 6. mars 2019

Vísað er til fyrri samskipta vegna erindis sem barst forsætisnefnd Alþingis 15. janúar sl. þar sem óskað var eftir að nefndin tæki til skoðunar hvort þingmennirnir, Björn Leví Gunnarsson og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, hafi með tilgreindum ummælum sínum á opinberum vettvangi um endurgreiðslur þingsins á aksturkostnaði brotið í bága við a. og c. liði 5. gr. og 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Var þess jafnframt óskað að tekið yrði til skoðunar hvort vísa ætti erindinu til siðanefndar skv. 16. gr. siðareglanna.

Af ofangreindu tilefni og með vísan til 3. mgr. 17. gr. siðareglanna var Þórhildi Sunnu og Birni Leví gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og upplýsingum um málið, sbr. bréf forseta til þeirra, dags. 18. febrúar sl. Athugasemdir þingmannanna, ásamt fylgiskjölum, bárust með bréfi, dags. 25. febrúar sl. og eru meðfylgjandi til upplýsingar. Ef þú hefur athugasemdir við greinargerðina er þess óskað að þær berist skrifstofu Alþingis fyrir kl. 16 fimmtudaginn 14. mars nk.

fh. forseta Alþingis

Þórhallur Vilhjálmsson,  
forstöðum. lagaskrifstofu

Fylgiskjal:

Greinargerð Björns Leví Gunnarssonar og Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur ásamt fylgiskjölum, dags. 25. febrúar 2019.